

Fundur 10.11.2025 James Watson vísindamaður sem dó 7.10.2025

Góða kvöldið, komið þið blessuð og sæl, heilsa ég ykkur.

*Góða kvöldið.*

Ekki er ég vanur að tala í gegnum stjörnusambandsstöð af þessu tæi, en er þetta allt að koma og miklar framfarir á líkama mínum.

Og sérhver dagur mikið undrunarefni og þakklætisefni, mikið þakklætisefni.

Og vildi ég segja frá því að þótt ég geti ekki sagt mörg orð að þessu sinni, þá hef ég fengið staðfestar kenningar mínar hér og er það yndisleg tilfinning að vera komin í annan líkama og finn hann hressast dag frá degi.

Og ég bjóst alls ekki við þessu að þetta væri nákvæmlega svona, en mikil ánægja, mikil hamingja og það er líkast því að maður svífi og hleupi og andinn lyftist svo víða, ljós og kærleikur og ættingjar framlíðnir og allar þær spurningar sem á mig hafa leitað um ævina og allar þær uppgötvanir sem ég hef gert, þarnast nú svara að nýju.

Um það hvernig þetta gerist sem er ekki í samræmi við náttúrulögmálin eins og ég þekkti þau, eða það hvernig sæðisfruma og egg mynda fóstur og nýjan líkama.

Og mun ég vissulega leita svara vð því hvernig nýr líkami myndast á þessum hnetti, en tók ég strax eftir því þegar skynfæri mín fóru að nema eitthvað, að þoka þessi sem yfir vatninu liggur, minnir mjög á útfrymi sem ég hafði lesið um í ritum spíritista og undarlegur bjarni er yfir landslaginu þar sem ég fyrst mundi eftir mér.

Og hefur það ábyggilega eitthvað með það að gera að umfram orka er þar saman komin sem á þátt í því að líkami okkar myndast hér á þessum stað.

Og mun ég vissulega hafa áhuga á því að tala til ykkar þegar ég get útskýrt þetta betur, en næm skynfæri mín tóku strax eftir því að ekki er þetta venjulegur bjarni og mjög sérkennileg tilfinning að vera í þessu vatni.

Já var mér treyst til að tala við ykkur og var mér sagt að það tækist oft vel og væri mikilvægt og talaði ég nokkur stutt orð við aðra um geimdjúpið, og hef hlýtt á þessi sambönd í fjarska og var þetta allt útskýrt fyrir mér, og þótt undrunin væri mikil var ég nokkuð fljótur að átta mig og spyrja spurninga.

*Já margt komið á óvart ?*

Já, get ég ekki verið lengi í sambandinu, en spurði ég strax út í kenningar mínar, og þjóð mín er fjölmenn og hefur farið á marga hnetti ólíka og fékk ég þar stuðning og staðfestingu á því sem mig grunaði og ég fjallaði um á minni ævi, að það er munur á kynþáttunum.

En verð ég nú að safna kröftum og hvíla mig aftur, en er ég allur að styrkjast dag frá degi, og allt er þetta stórkostlegt.

Og hef ég stöðugt verið að yngjast hér og vissi ég af starfi ykkar Íslendinga í rannsóknum á genum þjóðarinnar, vissi ekki um að þið hafið átt vísindamann í þessum framlífs fræðum.

Verð ég nú að kveðja, reyni að koma síðar og hef þá margt að segja, bandarískur maður James Watson.

*Já það hlaut að vera, það er sannanlega gaman að heyra í þér, það eru bara örfáir dagar síðan þú fluttir.*

Já já.

*Bara um helgina ?*

Já já það er rétt.

*Þú varst nú kannski allra kunnasti vísindamaður síðustu aldar og fram á þessa, hafðir þú nokkurn tímann grun um á þinni ævi að framlíf ætti sér stað, leiddir þú kannski ekkert hugann að þessu ?*

Já ég leiddi hugann að því, en mér fannst það ekki ganga upp, það væri of fjarlægt, eða það er að segja ég hafði ekki myndað mér fullkomna skoðun á því hvernig skilin væru, ef það væri í ætt við einhvern anda, en ég hafði svona ákveðnar vonir, getum við sagt, en mér fannst það allt mjög langsótt, eins og það var kynnt.

Og þarfnaðist betri útskýringar við, ég hafði ekki þessar hugmyndir nákvæmlega, sem ég hef hér kynnst.

*Og nú er geisilega áhugavert fyrir þig að fá alveg nýja mynd af alheiminum okkar og hvernig hann er fullur af lífi og ég vona að þú komist sem fyrst í samband við samstarf við Helga Pjeturss, Þorstein Jónsson, og marga fleiri sem geta uppfrætt þig.*

Já, ég tek undir það, ég hef heyrt af þessu starfi á ykkar hnetti og að þar séu brautryðjendur í þessu starfi og það mun fréttast að ég mun koma aftur og já ég mun vissulega og ég hef heyrt af því að Íslendingar hafi verið fyrstir í þessu og það er ekki sama við hvern ég tala hér á mínum hnetti, það er svo lítill blábrigða munur á þessum svörum.

Já eins og þú segir, ég vil gjarnan tala við þessa menn og ég er einnig forvitinn að vita það hvers vegna þetta er ekki kunnara í vísinda heiminum, en mig minnir þó að ég hafi eitthvað frétt um eitthvað svipað.

*Já.*

Það var í sambandi við, það barst í tal þegar við vorum að ræða um vísindaskáldsögu að þá hafi maður einhverjar spurnir af slíkum kenningum, en það var ekki mikil þekking því miður sem ég fékk þar.

En þetta mun allt koma í ljós betur og ég er viss um að ég kemst síðar og get þá útskýrt þetta allt betur, er það nýkominn yfir og alveg himinn lifandi yfir þessu öllu og ég hafði ekki fulla sannfæringu í trúmálum þess vegna, eins og gefur að skilja.

Og fannst það mikil frelsun þegar fólk lýsti efasemdum í trúmálum. Þannig að þetta er mikil opinberun og gleði fyrir mig.

En ég þakka kærlega fyrir mig og mun koma síðar, verið þið sæl og blessuð.

*Gangi þér vel að eflast á allan hátt og vitkast.*

Ég þakka fyrir.

*Þakka þér fyrir komuna og vertu velkominn aftur, blessaður.*